ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 14. janúar 1998 • 2. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

*Ísafjörður*

## Gæsluvellinum við Túngötu lokað

Stjórnendur Ísafjarðarbæjar hafa ákveðið að loka gæsluvellinum við Túngötu um næstu mánaðamót vegna lítillar aðsóknar. Til að byrja með verður vellinum lokað til vors en þá verður tekin ákvörðun um frekari framhald á þessari þjónustu.

,,Það er rétt að við höfum tekið ákvörðun um að loka gæsluvellinum til vors vegna lítillar aðsóknar. Þarna hafa tvær konur starfað og marga daga í röð hefur engin aðsókn verið að vellinum. Þær munu fara til starfa við nýjan leikskóla og síðan munum við taka ákvörðun um framhaldið í vor, hvort völlurinn verður opnaður að nýju eða hvort hann verður gerður að deild innan Eyrarskjóls," sagði Jón Tynes, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar í samali við blaðið.

*Sjónvarpstöðin Sýn*

## Útsendingar á Ísafirði innan tíðar?

Mikillar óánægju hefur gætt á Ísafirði með þann seinagang hjá forsvarsmönnum Íslenska útvarpsfélagsins, um að svara því hvort félagið hyggist hefja útsendingar á sjónvarpsstöðinni Sýn á svæðinu. Hefur óánægjan magnast eftir að Íslenska útvarpsfélagið gerði samning um einkarétt á sýningum frá enska boltanum fram yfir aldamót, en eins og kunnugt er hafa flestir leikir þar verið sýndir beint á Sýn.

Blaðið hefur heimildir fyrir því að nokkrir harðir áhugamenn um ensku knattspyrnuna og aðrar íþróttagreinar sem sýndar eru beint á Sýn séu farnir af stað með undirskriftarlista til að mótamæla seinaganginum og að þeir hyggist segja upp Stöð 2, verði ekki af útsendingum Sýnar innan skamms tíma. Þá má geta þess að á annað hundrað þreyttir íþróttaáhugamenn hafa nú þegar fengið sér gervihnattadisk til að ná útsendingum þeirra erlendu sjónvarpsstöðva sem sýna íþróttaviðburði beint.

Hannes Jóhannsson, tæknistjóri Íslenska útvarpsfélagsins, sagði í samtali við blaðið að félagið stæði enn í samningum við forsvarsmenn Landssíma Íslands hf., um gjaldtöku á flutningi sjónvarpsefnis með ljósleiðara, en forsvarsmenn þess fyrirtækisins munu hafa verið ófáanlegir til að lækka gjaldið til þessa.

,,Ég held að Ísafjörður sé það stór staður að við ráðum við hann. Við getum ekki endalaust beðið eftir svörum frá stjórnendum Landssíma Íslands. Ef þeir bjóða okkur ekkert betur, þá verðum við að taka afstöðu af eða á, mjög fljótlega og þegar ég segi fljótlega, þá meina ég í þessum mánuði," sagði Hannes Jóhannsson, tæknistjóri Íslenska útvarpsfélagsins í samtali við blaðið.

Hann ítrekaði að fátt annað stæði í veginum fyrir útsendingum á Ísafirði en kostnaðurinn við flutning á efni stöðvarinnar sem og á aðra staði.



## Sálfræðingurinn á bekknum hjá BB...

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

HELGARTILBOÐ Í ÖLLUM VÖRUVALSVERSLUNUM

ÍSAFJÖRÐUR • HNÍFSDALUR • BOLUNGARVÍK
VÖRUVAL

Honig Spaghetti 49 KR./500 gr.

Íslenskt meðlæti hrísgrjón 95 KR./kg.

Þín verslun

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984

**Útgefandi:**
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

**Netfang:**
hprent@snerpa.is

**Stafræn útgáfa:**
http://www.snerpa.is/bb

**Ábyrgðarmenn:**
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

**Ritstjóri:**
Sigurjón J. Sigurðsson

**Blaðamaður:**
Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.


Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

*Frá Bolungarvíkurhöfn. Aðeins tveir rækjubátar hafa komist til veiða frá Bolungarvík frá áramótum vegna ótíðar.*

## Fjöldi togara leitar vars í fyrstu brælu vetrarins

# Nær allir rækjubátar í Bolungarvík hafa verið frá veiðum frá áramótum

Fjöldi togara leitaði vars í Ísafjarðarhöfn á mánudag vegna brælu á Vestfjarðamiðum. 10-12 vindstig voru á miðunum á mánudag en veður tók heldur að lægja í gær og héldu þá flestir togaranna til veiða á ný. Auk þeirra togara sem komu til hafnar á Ísafirði biðu fjölmargir aðrir af sér veðrið undir Grænuhlíð.

Páll Pálsson landaði 80 tonnum af blönduðum afla á mánudag, Stefnir landaði 40 tonnum af blönduðum afla og Framnes landaði 40 tonnum af rækju. Þá komu Júlíus Geirmundsson, Baldvin Þorsteinsson, Akureyrin, Snorri Sturluson og Sunna inn vegna veðurs.

Þrátt fyrir brælu héldu tveir rækjubátar frá Ísafirði til veiða á mánudag, Bára ÍS sem kom með 1,5 tonn og Valur sem kom með 1,3 tonn. Slæm skilyrði hafa verið til veiða í Ísafjarðardjúpi frá áramótum og má sem dæmi nefna að aðeins tveir af tíu rækjubátum Bolvíkinga hafa komist til veiða undanfarna 14 daga, Páll Helgi ÍS sem hefur farið í nokkra róðra og Hafrún ÍS sem hefur komist í einn róður.

*Sameiginleg stjórnsýsla sex heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið flutt að skrifstofu Heilbrigðisstofnunarinnar, Ísafjarðarbæ að Torfnesi á Ísafirði.*

## Sex heilbrigðisstofnanir sameinaðar á Vestfjörðum

# Heilbrigðisstofnunin, Ísafjarðarbæ

Um síðustu áramót voru sex heilbrigðisstofnanir á norðanverðum Vestfjörðum sameinaðar undir einn hatt. Um er að ræða Sjúkraskýlið á Þingeyri, Heilsugæslustöðina á Þingeyri, Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri, Heilsugæslustöðina á Flateyri, Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Heilsugæslustöðina á Ísafirði. Hinni nýju stofnun hefur verið gefið nafnið Heilbrigðisstofnunin, Ísafjarðarbæ.

Í fréttatilkynningu frá stofnuninni segir að ekki sé gert ráð fyrir umtalsverðri breytingu á daglegri strafsemi þeirra þjónustugreina sem hér eiga í hlut, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Þess í stað er fyrst og fremst stefnt að stjórnunarlegri hagræðingu og aukinni skilvirkni.

Sameiginleg stjórnsýsla framangreindra sex sjálfstæðu eininga hefur verið flutt á skrifstofu Heilbrigðisstofnunarinnar að Torfnesi á Ísafirði.

# Ögrun við þjóðina

*Leiðari*

Allt bendir til að kjaradeila sjómanna og útvegsmanna sé komin í illleysanlegan hnút. Vandséð er hvernig hann verður leystur. Reyndar er farið að ía að því að höggva verður á hnútinn með lagasetningu þótt erfitt sé að sjá fyrir að slík íhlutun leysi nokkurn vanda.

Þegar deilur af þessu tagi eru uppi virðast allir hafa áhyggjur þótt af mismunandi toga séu spunnar. Áhyggjur forsætisráðherra leyndu sér ekki í áramótaávarpi hans og yfirskyggðu nýársgjöfina til þjóðarinnar; hærri laun, lægri skatta, strax á morgun.

„Einn skuggi hvílir þó yfir kjaramálunum. Flest bendir til að deilur útgerðarmanna og sjómanna endi í illindum og verkföllum. Það gæti leitt til þess að milljarða verðmæti sigli fram hjá íslensku þjóðinni í orðsins fyllstu merkingu. Þetta er ómöguleg staða. Við hljótum öll að gera kröfur til þeirra, sem ábyrgð bera, að þeir leysi þennan hnút áður en út í fenið er komið. Þeir hafa af eðlilegum ástæðum afnot af auðlindum sjávar í kringum landið. Þeim eru ekki önnur skilyrði sett, en að þær séu nýttar vel og skynsamlega í þjóðar þágu. Það er mikil ögrun við þjóðina ef mál skipast svo, að hagsmunaaðilum í sjávarútvegi tekst ekki að standa við þau sanngjörnu skilyrði.”

Áhyggjur forsætisráðherra eru skiljanlegar. Það er laukrétt að mikil verðmæti eru í húfi. Og vissulega fylgir ábyrgð verkföllum, sem alltaf eiga að vera það síðasta, sem gripið er til. En það leynist fleira í orðum ráðherrans, sem vert að að huga að og það vakna spurningar: Hver erum við þessi „öll”, sem gerum kröfur? Og hverjir eru „þeir” sem ábyrgð bera og hverjir bera ekki ábyrgð? Hverjir hnýttu hnútinn, sem er að draga okkur út í fenið?

Er úr vegi að spyrja: Hver væri staðan í samningamálum sjómanna og útvegsmanna ef forsætisráðherra og liðsmenn hans á hinu háa Alþingi hefðu ekki hnýtt þá hnúta í fiskveiðistjórnuninni, sem augsýnilega eru eitt helsta ásteytingarefni deilunnar?

„Við öll” erum síður en svo sammála því að það séu „eðlilegar ástæður” fyrir því að einstaklingar og fyrirtæki braski með auðlindir sjávar í skjóli stjórnvalda jafn ótæpilega og raun ber vitni og sem ráðherrann og meðreiðarsveinar hans leggja blessun sína yfir með því að lyfta ekki litla fingri til að uppræta ósómann.

Það skyldi þó aldrei vera að það séu fleiri en „hagsmunaaðilar í sjávarútvegi” sem eru að ögra þjóðinni?

*s.h.*

## Vestfirðir

# 12,5 milljóna ríkisstyrkir

Á fjárlögum ríkisins sem afgreidd voru fyrir hátíð ljóss og friðar eru ráðgerð 3ja milljóna króna fjárveiting til skógræktarverkefnisins Skjólskógar á Vestfjörðum. Er þetta í fyrsta skipti sem þetta þarfa verkefni fær fjárveitingu frá ríkisvaldinu. Þá fékk flugminjasafnið að Hnjóti á Örlygshöfn 9,5 milljóna króna fjárveitingu til áframhaldandi uppbyggingu safnsins.

## Ísafjarðarbær

# Íþróttamaður ársins

Stefnt er að því að kjör Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar fyrir árið 1997 fari fram í næstu viku, að sögn Björns Helgasonar, íþrótta- og æskulýðsfulltúra Ísafjarðarbæjar. Aðildarfélög Íþróttabandalags Ísafirðinga skiluðu tilnefningum sínum á mánudag og munu aðstandendur kjörsins funda um nöfnin um næstu helgi. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 1996 var Arnór Þ. Gunnarsson.

## Ísafjarðarbær

# Mengunarmælingar í Funa

Í byrjun desember voru lagðar fram niðurstöður mengunarmælinga sem gerðar voru í útblæstri sorpbrennslunnar Funa 26. október. Mælingarnar voru framkvæmdar af Iðntæknistofnun og voru sýni tekin úr útblæstri eftir vothreinsibúnað. Niðurstöður voru: Ryk 110 mb/ m3, Kolmónoxíð (CO) minna 1,0 mg/m3, Vetnisklóríð (HCI) 20 mg / m3 og lífrænt kolefni 1,7 mg/m3. Allt undir mörkum.

**BÁSAFELL HF.**

## Aðalfundur

*Aðalfundur Básafells hf., Ísafirði, fyrir starfsárið 01.01.1997 til 31.08.1997 verður haldinn fimmtudaginn 22. janúar 1998 kl. 13:30 að Hótel Ísafirði.*

*Dagskrá samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.*

*Stjórnin.*



## Ísafjarðarkirkja

*Mömmu- og pabbamorgnar eru á föstudögum milli kl. 10 og 12. Föstudaginn 16. janúar mun sr. Guðný Hallgrímsdóttir koma og flytja erindi um trúarþroska barna. Allir velkomnir.*

*Samverurnar eru ætlaðar öllum börnum.*

*Messa og altarisganga verða kl. 11:00, sunnudaginn 18. janúar.*

*Ísafjarðarsókn.*



ÍSAFJARÐARBÆR

**GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI**

Óskum eftir að ráða forfallakennara við skólann fram til vors. Kennsla er einkum á miðstigi.
Við leitum eftir áhugasömum kennara/leiðbeinanda sem er röggsamur og ábyrgur í starfi. Boðið er upp á flutningsstyrk og hagstæða húsaleigu. Nánari upplýsingar gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 456 3044.

*Skólastjóri.*

**FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA**

Félagsstarf aldraðra Hlíf, Torfnesi Ísafirði vantar starfsmann í hlutastarf í eldhús og sal.
Upplýsingar gefur Elín Þóra Magnúsdóttir í síma 456 4076 eða á Hlíf.

**LEIKSKÓLINN Á FLATEYRI**

Starfsmaður óskast til starfa við leikskólann Grænagarð á Flateyri, eftir hádegi.
Upplýsingar gefur Jenný í símum 456 7775 og 456 3327.

Leikskólastjóri.

**Auglýsingasíminn er 456 4560**



**JANÚARTILBOÐ ´98**

**Nú er komið að þér!**

**Það er frábært tilboð í gangi núna**

**Þú færð:**

**5 tíma ljósakort og 10 tíma stratakort á aðeins kr. 10.000.-**

**Sól & fegurð**

**Túngötu 3 Ísafirði sími 456 5522**

### Ísafjarðarbær

# Greiðir 7,6 milljónir í biðlaun

Ísafjarðarbær þarf að greiða 7,6 milljónir króna í biðlaun á tveimur árum vegna sameiningar sveitarfélaga og í kjölfar þess að Kristján Þór Júlíusson lét af störfum sem bæjarstjóri þegar meirihluti bæjarstjórnar féll í nóvember.

Þegar sameining sveitarfélaganna sex átti sér stað áttu þrír starfandi sveitarstjórar rétt á biðlaunum og nam uppgjör við starfslokasamninga þeirra alls 4,6 milljónum króna. Jónas Ólafsson, fyrrverandi sveitarstjóri Þingeyrarhrepps fékk biðlaun í 6 mánuði og Halldór Karl Hermannsson, fyrrverandi sveitarstjóri Suðureyrarhrepps og Kristján Jóhannesson, fyrrverandi sveitarstjóri Flateyrarhrepps fengu biðlaun í 4 mánuði.

Auk þessa mun Kristján Þór Júlíusson fá biðlaun í 6 mánuði frá 1. desember síðastliðnum. Starfslokasamningur hans mun hljóða upp á rúmar 3 milljónir króna. Á sama tímabili mun Ísafjarðarbær greiða þeim Jónasi Ólafssyni og Kristni Jóni Jónssyni laun fyrir að skipta með sér starfi bæjarstjóra fram að kosningum.

### Vestfirðir

# 91,8% Vestfirðinga í Þjóðkirkjunni

Rúmlega 91,8% Vestfirðinga eru í Þjóðkirkjunni samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Frétt blaðsins í síðustu viku um að 65% Vestfirðinga, 16 ára og eldri, væru í Þjóðkirkjunni var byggð á röngum upplýsingum og var því að stærstum hluta röng. Eru kirkjunnar menn og aðrir lesendur blaðsins beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Samkvæmt upplýsingum sem blaðið fékk frá Hagstofu Íslands um miðja síðustu viku eru 7.924 af 8,634 íbúum Vestfjarða í Þjóðkirkjunni, eða 91,8%. Ellefu einstaklingar á Vestfjörðum eða 0,1% eru í Fríkirkjum, 246 einstaklingar eða 2,8% eru skráðir í Kaþólsku kirkjuna og 173 einstaklingar eða 2,0% eru í öðrum skráðum trúfélögum. 201 einstaklingur eða 2,3% eru í óskráðum trúfélögum og 79 einstaklingar eða 0,9% eru utan trúfélaga.

Þá kemur fram í frétt frá Hagstofunni að 428 erlendir einstaklingar hafi verið búsettir á Vestfjörðum 1. desember sl., en sá fjöldi svarar til 5,0% af heildaríbúafjölda kjördæmisins.

*Sparisjóðsstjórinn í Súðavík leikur í happdrættisauglýsingu*

# Hefur leikið Mr. M í myndinni um Jón bónda

,,Það var stór stund í lífi okkar beggja þegar ég sleppti honum fyrstu skrefin út í lífið – löngu seinna lifðum við aftur sigurstund saman."

Á þessum orðum hefst ein af fjölmörgum happdrættisauglýsingum sem vart hafa farið fram hjá landsmönnum að undanförnu. Í tilvitnaðri auglýsingu leika feðgar aðalhlutverkið, feðgar sem áður hafa komið nálægt kvikmyndagerð, feðgar úr Súðavík. Faðirinn er enginn annar en sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Súðavíkur, Steinn Kjartansson og synirnir eru þeir Davíð og Snorri Gunnar Steinssynir.

Blaðið sló á þráðinn til Steins og forvitnaðist um

*Steinn Kjartansson.*

hvernig það kom til að þeir feðgar voru fengnir til að leika í umræddri auglýsingu. Þegar Steinn var þess var að blaðamaður var ekki að biðja um lán, heldur að spyrja um leiklistarferilinn, hló hann mikið en sagði síðan:

,,Þetta var allt saman hálfgerður brandari og eiginlega er smá forsaga að þessu.

Ég á tvo stráka sem búa í Reykjavík sem eru miklir kvikmyndaáhugamenn og hafa í gegnum árin verið mikið að leika sér við að búa til vídeómyndir. Þeir tóku upp á því fyrir nokkrum árum að framleiða stuttar vídeómyndir og ein var meira að segja um James Bond eða Jón bónda eins og þeir kölluðu myndina. Þar lék ég Mr. M fyrir þá og hef reyndar leikið nokkuð áður þar á meðal á þorrablótum hér í Súðavík. Þegar að verið var að kvikmynda Djöflaeyjuna var auglýst eftir fólki í ,,stadista" hlutverk. Synir mínir tveir létu skrá sig þar en fengu ekkert hlutverk en nöfn þeirra voru enn á lista hjá framleiðandanum. Síðan gerist það að það er haft samband við þá í byrjun desember og þeir beðnir um að leika í auglýsingu fyrir SÍBS, en samkvæmt handriti þurftu feðgar að koma fram og helst líkir.

Þeir fóru síðan með nýlega mynd af okkur saman og þeir fengu hlutverkið. En þá var eitt eftir, þ.e.a.s. að fá mig til að samþykkja að vera með. Ég harðneitaði og það stóð í nokkru stappi í 7-10 daga en síðan þegar ég þurfti að sækja fund til Reykjavíkur um miðjan desember, lét ég undan og eftir það var ekki aftur snúið. Auglýsingin var tekin um kvöldið upp á Reykjalundi og ég hélt heimleiðis daginn eftir."

-Hvernig er svo að sjá sjálfan sig á hverju kvöldi í sjónvarpinu eða á heilsíðu í dagblaði nánast upp á hvern dag?

,,Þetta er allt í lagi í dag en ég verð að viðurkenna að ég var dálítið hissa fyrst þegar ég sá sjónvarpsauglýsinguna. Ættingjar mínir og vinir voru miklu meira hissa enda höfðu þeir ekki hugmynd um að ég hefði leikið í auglýsingu. Þessar auglýsingar eru búnar að skapa mörg símtöl. Þá hafa sveitungar mínir leyft mér að heyra það og ég hef frétt að auglýsingin sé búin að bjarga næsta þorrablóti. Efnið sé klárt."

-Þá spyr ég þig eins og aðrir kvikmyndaleikarar eru spurður og þá kannski sérstaklega af því að þú ert sparisjóðsstjóri. Ertu orðinn ríkur af þessu?

,,Ég er nú ekki farinn að sjá krónu enn enda er það minnsta málið. Ég veit ekki hvort það er greitt fyrir þetta en ef svo er mun ég gefa fjárhæðina til líknarmála. Mér dettur ekki í hug að taka laun fyrir þetta sem slíkt, ekki nema til að gefa það aftur," sagði Steinn.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** PIZZA 67


## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ❑ 456 4547

## Fasteignaviðskipti

***Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.***

### Einbýlishús / raðhús

*** Brautarholt 9:** 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,000,000,-
**Fjarðarstræti 33:** 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-
*** Góuholt 3:** 140,7m² einbýlishús á einni hæð ´samt bílskúr. Verð: 12,000,000,-
**Hafraholt 10:** 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-
**Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 8.900.000,-
**Heiðarbraut 6:** 133,3m² einbýlis-hús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á eign á Ísafirði möguleg. Verð: 10.700.000,-
**Hlíðarvegur 43:** 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-
**Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
**Lyngholt 8:** 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
**Móholt 9:** 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust fljótlega. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-
**Silfurgata 9**: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum(4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laus fljótlega. Verð: 7.200.000,-
**Sólgata 7:** 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-
**Sunnuholt 6:** 231,7m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13,500,000,-
**Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-
**Urðarvegur 13:** 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
**Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Tilboð óskast.
**Urðarvegur 27: 190,5m²** einbýlish.á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-
**Urðarvegur 58:** 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

**Pólgata 5a:** 121m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb. húsi ásamt helmingi kjallara. Mikið uppgerð. Bílskúr. Verð: 6,800.000- og 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-

*** Hnífsdalsvegur 13:** 160m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, geymsluháalofti og bílgeymslu. Verð: 5,300.000,-

### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 15:** 140m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 8,500.000-
**Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
**Engjavegur 31:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
*** Eyrargata 3:** 100 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi ásamt helming í bílskúr. Verð: 8.300.000.-
**Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,
**Fjarðarstræti 6:** 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-
**Hafnarstræti 6:** 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
**Hjallavegur 8:** 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
**Hjallavegur 12:** 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-
**Pólagata 5a:** 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-
*** Smiðjugata 9:** 95m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5,900.000,-
**Sólgata 5: 102m² 6** herb. íbúð á 2 hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5,000,000,-
**Stórholt 11:** 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
**Túngata 12:** 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-
**Túngata 18:** 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-

### 3ja herbergja íbúðir

*** Aðalstræti 15:** 98,6m² íbúð á e.h. suðurenda í fjórbýlishúsi. Húsið er nýmálað og nýtt þak. Verð: 4,500.000,-
**Brunngata 12a:** 68m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 3,000.000,-
**Engjavegur 17:** 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmáluð. Verð: 4.600.000,-
**Pólgata 6:** 52m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3,900,000,-
**Stórholt 7:** 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5,300,000,-
**Stórholt 7:** 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4,800,000,-
**Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
*** Stórholt 13:** 79,2m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu á jarðhæð. Verð: 6,000.000,-
**Urðarvegur 80:** 82m² íbúð á jarðhæð fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.000.000,-

### 2ja herbergja íbúðir

*** Aðalstræti 24:** Tvær 70m² íbúðir í smíðum á 2. hæð. Tilbúnarí vor. Tilboð.
**Grundargata 2:** 50,5m² íbúð á 1.hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
**Túngata 12:** 62m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-
**Túngata 20:** 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-
**Túngata 20:** 53,4m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 4,500,000,-
**Urðarvegur 78:** 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-
**Hlíf II:** 62,5m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6,600,000,-

**Urðarvegur 78:** 97,8m² íbúð á 3. hæð t.v. í fjölbýlishúsi. Verð: 6,900.000,- 99,1 m² íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð t.v. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 7,000.000,- 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-

*Mikil umferð bifreiða um plan Fjórðungssjúkrahússins veldur ónæði*

# Á áttunda hundrað bíla fara um innkeyrslu stofnunarinnar á sólarhring

Stjórnendur Heilsugæslustöðvarinnar og Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði hafa á undanförnum misserum, ítrekað óskað eftir því við bifreiðaeigendur á Ísafirði, að þeir aki ekki um bifreiðaplan stofnunarinnar að óþörfu, vegna þess ónæðis sem aksturinn veldur oft á tíðum starfsfólki og sjúklingum. Að sögn Guðjóns Brjánssonar, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ, sem er nýtt heiti á rekstri sex sameinaða heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum, hafa tilmæli stjórnenda stofnunarinnar borið fremur lítinn árangur til þessa.

,,Við höfum með öllum ráðum reynt að fá ökumenn til að hætta óþarfa akstri um plan stofnunarinnar, án þess þó að vera með harkalegar aðgerðir, en því miður án mikils árangurs. Við höfum lokað innkeyrslunni öðrum megin um helgar auk þess sem gerð var hraðahindrun við innkeyrsluna, en ,,rúntur" bæjarbúa virðist ekki breytast við þessar aðgerðir. Við viljum beina þeim tilmælum til ökumanna og þá kannski sérstaklega ungra ökumanna, að þeir venji sig við aðra leið. Innkeyrslan er orðin einskonar ,,Hallærisplan" Ísfirðinga, samkomustaður bíla og ungra ökumanna. Þessi óþarfa akstur veldur oft á tíðum truflun á starfsemi stofnunarinnar, sérstaklega á kvöldin og á nóttinni auk þess sem aksturinn getur skapað hættu þegar sjúkrabílar koma aðvífandi," sagði Guðjón Brjánsson í samtali við blaðið.

*Innkeyrslan að Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði er orðin einskonar „Hallærisplan" Ísfirðinga.*

Í umferðartalningu sem stofnunin fékk Vegagerðina á Ísafirði til að framkvæma í október á síðasta ári, kom í ljós að 708 bílar fóru um innkeyrsluna á sólarhring og telur Guðjón að hátt í 60% þeirra hafi verið ekið um innkeyrsluna án þess að ökumennirnir hafi þurft á þjónustu stofnunarinnar að halda eða að þeir hafi verið að heimsækja sjúklinga. Í framangreindri umferðartalningu sem stóð yfir frá 13. október til 31. október, kom í ljós að 12.736 bifreiðar fóru um innkeyrsluna eða að jafnaði 708 á sólarhring. Mestur var aksturinn síðdegis og fram yfir miðnætti. Á umræddu 18 daga tímabili var aksturinn minnstur miðvikudaginn 15. október eða 316 bílar en mestur mánudaginn 27. október eða 1.470 bílar.

,,Það sem verra er, er hinn slæmi umgangur bílstjóra og farþega sem eiga leið um svæðið. Þeir aka inn á planið, stoppa og tala saman og eru þá oft á tíðum búnir að kaupa sér næringu, og síðan er umbúðunum hent út úr bílunum. Við erum að horfa upp á matarumbúðir, ölflöskur og dósir og ösku og sígarettustubba í innkeyrslunni. Þetta er slæmur og ljótur siður og því biðjum við ökumenn um að hlífa okkur við þessum ósóma. Þá má nefna að ökumenn fara hér niður í sundið, stoppa og kasta af sér vatni. Þetta þykir hentugur staður enda í skjóli fyrir veðri og vindum. Talningin sem Vegagerðin framkvæmdi fyrir okkur segir okkur að ástandið hafi ekki mikið lagast og því viljum við skora á almenning að taka á þessu vandamáli og ganga um svæðið af tillitssemi," sagði Guðjón.

*Sjálfstæðisflokkurinn í Ísafjarðarbæ*

# Frestar prófkjöri til 21. febrúar

Á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ sem haldinn var um miðja síðustu viku var ákveðið að fresta prófkjöri flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar til 21. febrúar nk., en til stóð að prófkjörið færi fram í lok þessa mánaðar. Ástæða þess að prófkjörinu hefur verið frestað er sú að fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar liggur fyrir tillaga bæjarráðs um fækkun bæjarfulltrúa úr ellefu í níu. Fyrri umræða um tillöguna fór fram á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag í síðustu viku og er síðari umræða áætluð annan fimmtudag.

,,Okkar reglur gerðu ráð fyrir því að bæjarfulltrúarnir yrðu ellefu og ef það verða breytingar þar á, breytir það miklu fyrir væntanlega frambjóðendur. Þeir vilja að sjálfsögðu fá að vita hvort þeir séu að bjóða sig fram sem aðalfulltrúa eða sem varafulltrúa í bæjarstjórn. Hvort sem tillagan verður samþykkt eður ei, breytist dagsetningin ekkert, enda þurfum við að auglýsa prófkjörið samkvæmt lögum," sagði Guðmundur Marinósson, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í samtali við blaðið.

*Jónas Ólafsson.*



*Þorsteinn Jóhannesson.*

Samkvæmt upplýsingum blaðsins, hyggst einn bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Jónas Ólafsson, annar tveggja starfandi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, draga sig í hlé frá sveitarstjórnarmálum í vor eftir 30 ára starf í sveitarstjórnum, þar af sem sveitarstjóri á Þingeyri í aldarfjórðung. Viðmælendur blaðsins innan flokksins, segja að fleiri breytingar á mannavali geti verið á döfinni og heyrst hefur að oddviti sjálfstæðismanna, Þorsteinn Jóhannesson, sé alvarlega að íhuga að draga sig í hlé, hvort sem það verður á þann veg að hann hætti alfarið afskiptum af bæjarmálum eða að hann gefi ekki kost á sér í efstu sæti listans.

Þá er þeirri spurningu ósvarað hvort boðnir verða fram tveir listar sjálfstæðismanna, en eins og kunnugt er klofnaði meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn í nóvember vegna Grunnskólamálsins svokallaða.


ÚTSALA - ÚTSALA!

- Verslunin hættir -

Útsalan hefst

föstudaginn 16. janúar

Úlpur, buxur, íþróttagallar, peysur, bolir, sokkar, skór

Nú er tækifærið að gera góð kaup

Sporthlaðan

Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 456 4123

Júlíus Halldórsson sálfræðingur kom til Ísafjarðar í fyrrahaust og hefur frá þeim tíma verið hér í fullri stöðu og með stofu á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði, fyrstur manna í sínu fagi hér vestra, þótt aðrir sálfræðingar hafi áður verið hér búsettir og unnið að einstökum verkefnum, einkum í tengslum við vestfirska skóla. Á þessum tíma hefur hann verið að byggja upp og móta þetta starf hér, en Vestfirðingum mun áður að öllum jafnaði ekki hafa verið mjög tamt að ganga til sálfræðings og er það kannski ekki enn.

Bæjarins besta fékk sálfræðinginn til að leggjast á bekkinn og leysa frá skjóðunni um sjálfan sig og starfið...

# Sálfræð

„Ég er fæddur á Siglufirði fyrir 47 árum, rétt undir lok síldaræintýrisins gamla, og man vel eftir síðasta hluta þess. Þegar síldarbátarnir komu gengu menn um götur bæjarins, guðuðu á glugga á hvaða tíma sólarhringsins sem var og hrópuðu: Síld! Þá drifu allar konurnar sig af stað niður á plan og fóru að salta. Líklega hef ég ekki verið nema átta eða níu ára gamall þegar ég var farinn að gefa tunnur á síldarplani, eins og það var kallað. Við guttarnir á Siglufirði byrjuðum snemma að vinna í þessu. Faðir minn gerði út trillu og eitt sumarið reri ég með honum, þegar færi gafst. Tólf ára gamall byrjaði ég svo að vinna í síldarbræðslu. Þessi vinna á æskuárunum var öll mjög skemmtileg. Og ég held að við höfum bara haft gott af þessu, þó að kannski séu aðrar viðmiðanir í dag.“

## Vinna barna og unglinga

– Þú telur þá ekki að börn og unglingar bíði verulegan skaða á sálu sinni ef þau taka þátt í störfum hinna fullorðnu...

„Nei, ég held ekki. Ef slíkt er innan skynsamlegra marka, þá er það bæði hollt og gott. Reyndar mæli ég ekki með að mikið sé verið að vinna á þeim tíma þegar skólinn starfar. Það er stundum of mikið vinnuálag á unglingum sem vinna með skólanum. En það er kannski bara tímanna tákn, að mér finnst að unglingamir nú þurfi að hafa miklu meiri peninga handa á milli en áður var.“

– Síldaræintýrinu á Siglufirði lauk síðan fyrr en varði...

„Já. Innan við fermingu fluttist ég með fjölskyldu minni til Hafnarfjarðar. Þá var komið atvinnuleysi heima og ekkert við að vera. Síldin hvarf og fiskurinn hvarf og þar með datt allt niður á Siglufirði. Á árunum eftir 1960 voru miklir fólksflutningar þaðan og suður.“

## Ísafjörður og Siglufjörður

– Það er sitthvað líkt með staðháttum á Siglufirði og Ísafirði og naumast viðbrigði fyrir þig að koma hingað í faðm fjalla blárra...

„Já, ég er alinn upp í fjallahring og hér minnir margt á Siglufjörð. Kubbinn hér við Skutulsfjörð hefur svipaða afstöðu og Hólshyrnan í Siglufirði. Skálarnar og hvilftirnar í fjöllunum, skörðin og dalirnir minna á umhverfið heima. Þegar ég kom hingað snemma í september fyrir rúmu ári voru hér stillur hvern einasta dag. Ekki blakti hár á höfði og fjöllin spegluðust í sjávarfletinum. Þetta minnti mig allt mjög á Siglufjörð í gamla daga og mér fannst ég með nokkrum hætti vera kominn aftur til upprunans.“

## Úr vaktavinnu í sálfræði

– Af hverju fórstu í sálfræði?

„Ég hygg að það sé nú bara tilviljun, eins og svo margt í lífinu. Ég fór ekki í sálfræðina fyrr en ég var orðinn 36 ára gamall. Ég lauk reyndar stúdentsprófi á venjulegum tíma en fór ekki í neitt framhaldsnám að svo stöddu. Ástæður þess að ég tók upp þráðinn og fór í háskóla má að nokkru leyti rekja til þess að ég stundaði vaktavinnu og var mikið á næturvöktum. Við slíkar aðstæður kemst að jafnaði nokkur óregla á daglegt lífsmynstur. Ég svaf ekki mikið á daginn þó að ég væri að vinna á nóttunni, svaf kannski fram undir hádegi og var síðan á einhverju róli eftir það. Konan mín varpaði því fram, hvort það væri ekki sniðugra fyrir mig að fara í einhvern áfanga uppi í háskóla í staðinn fyrir að sitja heima iðjulaus og drekka kaffi allan daginn. Ég gerði það og tók fyrst áfanga í uppeldisfræði, sem var reyndar sameiginlegur kúrs með sálfræðinni. Í þessu var ég að dóla veturinn 1986-87. En við þetta fékk ég það mikinn áhuga á sálfræði að ég ákvað að skipta alveg yfir í hana og veturinn eftir fór ég í fullt nám.“

## Lífið er ekki í bókunum

„Ég lauk síðan BA-prófi í sálfræði árið 1990 og hafði reyndar ekki hugsað mér að gera neitt frekar í því. En það eru alltaf tilviljanirnar í lífinu sem ákveða að einhverju leyti hvað maður gerir og hvernig lífshlaupið verður, þó að maður hafi vissulega áhrif á það sjálfur líka. Ég er ekki að segja að örlögin stjórni manni alveg! En eftir að ég lauk BA-prófinu bauðst mér staða forstöðumanns í sambýli. Áður hafði ég unnið ein sjö ár á meðferðarheimili fyrir einhverfa. Það var mér mjög góður skóli og góður grundvöllur í sálfræðináminu. Enda er lífið ekki í bókum, heldur í raunveruleikanum. Best er að geta fléttað saman lífsreynsluna og bóknámið. Á þessu sambýli starfaði ég síðan frá 1990 í fjögur ár. Þá var kominn annar tímapunktur í lífinu og dálítið los í hjónabandinu, þannig að við ákváðum að breyta til, flytjast til útlanda um einhvern tíma og kynnast lífinu þar.“

## Til Árósa...

„Við fluttumst til Danmerkur og ég fór í framhaldsnám í sálfræði við háskólann í Árósum. Þar lauk ég embættisprófi í fyrrahaust. Síðasti áfanginn var nokkuð harðsóttur. Um það leyti sem ég var að byrja á lokaritgerðinni vorið 1996 vorum við að velta fyrir okkur framtíðinni að loknu náminu. Við höfðum bæði áhuga á því að fara eitthvað út á land, og því ekki þá alveg eins til Vestfjarða? Ég vissi raunar ekki alveg hvernig ég ætti að snúa mér í slíku, þannig að ég skrifaði bréf til bæjaryfirvalda á Ísafirði og spurði einfaldlega hvort ekki vantaði sálfræðing hér á svæðinu. Ég bjóst svo sem ekki við að neitt sérstakt kæmi út úr því. En stuttu seinna fékk ég svar og þá var mér boðin staða hjá Fjórðungssjúkrahúsinu og Heilsugæslustöðinni. Ég tók því boði og síðan var farið að ræða hvenær ég gæti byrjað. Ég sá þá að ég yrði að taka mér tak, setja mér ströng tímamörk og ljúka lokaritgerðinni á mettíma.“

## ...og Ísafjarðar

„Það varð að samkomulagi, að ég kæmi hér til starfa 9. september 1996. Þá hafði ég fimm mánuði til stefnu. Ég ákvað þá að flytjast heim til Íslands og vinna að ritgerðinni þar, enda var ég búinn með alla skylduáfanga í náminu og var því ekki lengur bundinn við Árósa. Ég kom mér fyrir í kjallaraherbergi í Reykjavík og sat þar næstu mánuði og skrifaði, ásamt því sem ég var í verklegri þjálfun á geðdeild Landspítalans.

Og þetta stóðst allt á endum. Ég fór út í lok ágúst til þess að útskrifast. Sú athöfn fór fram á miðvikudegi í Árósum. Á fimmtudegi ók ég þaðan og til Kaupmannahafnar og náði á Kastrupflugvöll rétt í tæka tíð til að skila af mér bílnum og koma mér í flugvélina til Íslands. Á föstudagsmorgni lagði ég af stað til Ísafjarðar og við komuna hingað beið mín íbúð með öllu mínu hafurtaski í kössum, sem starfsmenn spítalans höfðu verið svo elskulegir að koma þangað. Helgin fór í það að taka upp úr kössunum og koma sér fyrir. Á mánudegi mætti ég svo í vinnuna.“

– Þú vinnur víðar en á Heilsugæslunni á Ísafirði...

„Þar er að vísu minn aðalvinnustaður, núna reyndar á hinni nýju sameinuðu stofnun á norðanverðum Vestfjörðum sem heitir Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ. Þar er ég í fullu starfi, en síðan hef ég verið lánaður í ýmis verkefni, ef þannig má að orði komast. Undanfarið hef ég unnið í forföllum á Skólaskrifstofu Vestfjarða. Það hefur verið mjög spennandi og skemmtilegt starf. Líka hef ég verið að kenna dálítið í Framhaldsskólanum. Svo tek ég bara að mér þau verk sem á mitt borð koma með einhverjum hætti.“

## Starf í mótun

„Vissulega er þetta starf mitt hér ennþá í mótun og ekki á neinum hefðum að byggja hér á Vestfjörðum. Það er nýmæli að hér sé sálfræðingur í fullu starfi við heilsugæsluna og sjúkrahúsið. Þeir sálfræðingar sem hér hafa verið og hingað hafa komið hafa aðallega unnið í tengslum við skólana. Það tekur tíma að byggja þessa starfsemi upp og sanna sig. Til dæmis er hreint ekki sama hvort fólk er að fara til læknis eða til sálfræðings. Það er ekkert mál að fara til læknis og enginn fyrirverður sig fyrir það. Aftur á móti gætir þess kannski dálítið varðandi heimsóknir til sálfræðings.“

## Vestfirðingar með hauspoka?

– Koma menn kannski til þín með hauspoka...?

„Ég segi það nú ekki, en mig grunar að fólki þyki þetta erfiðara en að fara til læknis. Í rauninni á það alls ekki að vera þannig. Hér virðast margir misskilja þetta svolítið. Þó að einhver fari í viðtal til sálfræðings, þá fylgir því engin yfirlýsing um að sá hinn



# ingurinn á bekknum hjá BB...

sami sé eitthvað veikur! Sálfræðingar geta einmitt gert mesta gagnið með því að hjálpa fólki til að fást við venjuleg vandamál sem allir eiga við að glíma einhvern tímann á lífsleiðinni.“

– Þú ert ef til vill í aðra röndina eins konar prestur...

„Nei, ekki er ég prestur, en verksviðin skarast vissulega að einhverju leyti hjá prestum, sálfræðingum og öðrum stéttum sem vinna með lifandi fólk. Þessar stéttir nálgast viðfangsefnin aftur á móti úr ólíkum áttum og með mismunandi hætti, þó að þær starfi á sameiginlegu gráu svæði að nokkru leyti.“

– Hefur margt komið þér á óvart í starfi þínu sem sálfræðingur á þessu rúma ári hér?

„Vissulega er ýmislegt sem kemur á óvart. Ég er að einu leytinu nýr í þessu þó að ég sé að öðru leyti nokkuð gamall. Ég er orðinn 45 ára þegar ég byrja að vinna sem sérfræðingur í mínu fagi. Aftur á móti hef ég mína lífsreynslu og mitt lífshlaup að baki. Öll árin mín í uppeldisstörfum, í vinnu með þroskaheftum og með fólki sem á við geðræn vandamál að stríða, eru ómetanlegur bakgrunnur sem ég byggi á. Sjálft skólanámið kemur þar til viðbótar.“

## Margvísleg þjónusta og ráðgjöf

„Hér er ég með stofu þar sem boðið er upp á margvíslega þjónustu eftir þörfum hvers og eins. Ég býð upp á samtöl og viðtalsmeðferð. Ég býð einnig upp á meðferð þar sem vandamálin eru ef til vill eitthvað djúptækari. Síðan er ráðgjöf fyrir hjón, ráðgjöf og leiðsögn varðandi uppeldi barna og unglinga og annað í þeim dúr. Einnig ráðgjöf fyrir þá sem eiga við fíkniefnavanda að stríða. Þetta eru þau svið sem ég fæst mest við.

Sálfræðimenntunin hefur mjög víðtæka tilvísun og verksvið sálfræðinga er mjög fjölbreytilegt. Starfið hér er enn í mótun, eins og ég sagði, og kannski ennþá nokkuð langt í land að það hafi fest rætur og sé orðið að sjálfsögðum þætti innan heilsugæslugeirans. Sálfræðingur getur gert gagn með ýmsum öðrum hætti en á stofu, til dæmis í félagsþjónustu sveitarfélaganna.“

## Streita, kvíði og þunglyndi

– Ætli vandamál fólks hér vestra séu eitthvað frábrugðin því sem gengur og gerist annars staðar?

„Ég hygg að vandamál fólks séu í rauninni ákaflega svipuð hvar sem er. Kvíði og þunglyndi eru vandamál sem eflaust allir kannast við með einhverjum hætti. Hins vegar er þjóðfélagslegur bakgrunnur fólks mismunandi. Þunglyndi má lýsa þannig, að það sé tilfinning sem grípur fólk þegar það er að einhverju leyti farið að missa tök á lífi sínu.

Það er í rauninni ekki mikill eðlismunur á fyrirbærum eins og streitu, kvíða og þunglyndi. Þetta er allt í sömu víddinni, aðeins á mismunandi stigum. Það getur aftur á móti farið eftir því hvar þú ert staddur, hvort talað er um streitueinkenni, kvíðaeinkenni eða síðan þunglyndiseinkenni, sem eru alvarlegustu einkenni þess að fólk sé í þann veginn að missa tökin eða búið að missa tökin á sínu daglega lífi. Í þéttbýlinu syðra er flóra mannlífsins fjölbreyttari en í fámenninu úti á landi og dagleg skoðanaskipti öðruvísi. Hér virðast skoðanir fólks og hugmyndaheimur vera einsleitari en syðra og umburðarlyndi fólks gagnvart skoðunum annarra ef til vill minni en gengur og gerist þar sem þéttbýli er meira. Þetta setur mark sitt á samfélagið og skapast af aðstæðunum. Fólkið sjálft er ekkert öðruvísi en annars staðar og hvorki betra né verra. Í fámennum samfélögum eins og hér skipast fólk hins vegar frekar í hópa eftir tilfinningum, ættartengslum og öðru slíku en þar sem fjölmenni er meira.

Forsenda þess að geta starfað sem sálfræðingur er að geta skilið annað fólk. Sá sem getur ekki sett sig inn í hugmyndaheim annarra hefur ekkert í þessu starfi að gera. Maður verður að geta sett sig í spor annarra til þess að geta

# Skattalækkun 1998?

Í ágætri ræðu Davíðs Oddssonar forsætisráðherra var vikið að hækkun launa í janúar 1998 og lækkun skatta. Taldi hann þetta hvort tveggja vera fagnaðarefni og til marks um árangur efnahagsstefnu ríkisstjóranarinnar. Hefur hann þar nokkuð til máls síns. Ekki skal dregið í efa að að fullyrðingin sé rétt svo langt sem hún nær. Fáránlegt væri að skamma stjórnmálamenn fyrir tök þeirra á skattamálum, jafn óvinsæl og þau eru og um leið óskiljanleg mörgum. Í raun má segja að alltaf sé tveggja kosta völ. Í fyrsta lagi að nota einfalt og auðskiljanlegt kerfi, sem tekur mið af meðaltalsaðstæðum eða kerfi sem ekki er sérstaklega einfalt en leitast við að taka mið af séraðstæðum einstakra hópa í í þjóðfélaginu. Kjósendur og stjórnmálamenn hafa gjarnan kosið síðari kostinn.

Þá hefur tekist að mæta kröfum einstaklinga og hópa um það að þeir njóti sérstöðunnar. Kannski verða skattar sanngjarnari með þessum hætti. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að einfalda kerfið mikið. Nægir þar að nefna breytinguna sem varð um 1980 þegar frádráttarliðum var fækkað og fastur 10% frádráttur tekin upp. Unnt var að velja hvora aðferðina framteljendur notuðu. Svo fór fljótt í sama farið. Aftur var gerð tilraun til mikillar einföldunar 1988, með upptöku staðgreiðslu skatta. Þá var tekinn upp fastur persónuafsláttur auk barnabóta. Kom þetta í stað frádráttarliða. En eins og áður fór líkt og með skrautið á jólatrénu. Það vex með hverjum jólum og því fjölgar sem verður að komast á tréð. Þannig fór um skattalögin. Frádráttarliðir komu aftur og tekið var tillit til sérstakra aðstæðna. Húsnæðisbætur fuku og teknar voru upp vaxtabætur miðaðar við aðstæður hvers og eins. Næst kom vaxtaafsláttur og menn höfðu ekki við að læra ný hugtök. Markmiðið var hins vegar alltaf það sama, að auðvelda fólki að eignast húsnæði. Svo gerðist það reyndar að persónuafsláttur lækkaði og skattprósentan hækkaði. Þetta er gömul saga og ný og gerist ævinlega aftur, óháð stjórnmálaflokkum. Birtingarmyndin á skattahækkunum er mismunandi og kemur misjafnlega fram gagnvart einstökum hópum.

Okkur Íslendingum er gjarnt að miða okkur við frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, einkum Dani, sem við tökum oft til fyrimyndar. Enda er það svo að þangað leita Íslendingar fyrst þegar þeir telja sig hafa fengið nóg af okkar ágæta landi. Þar er félagslega kerfið, stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur, með þeim hætti, að margir telja að Danmörk sé mun vænna land til eðlilegs lífs, einkum fjölskyldulífs.

## Fjölskylduskattur

Fáir munu hafa tekið eftir því að skattar á barnafjölskyldur hækkuðu verulega nú um áramótin. Skattar lækka að meðaltali, einkum hjá þeim sem ekki hafa börn á framfæri. Þeir barnlausu, sem hafa séð ofsjónum yfir barnabótum, bæði í gamni og alvöru, geta huggað sig við að skattar barnafólks með meðaltekjur og meira hækka. Barnabæturnar hafa verið afnumdar að mestu leyti hjá öðrum en lágtekjufólki. Í sjálfu sér er þetta ekki vondur kostur. En eðlilegt hefði verið að segja fólki frá því að þetta væri að gerast. Í Morgunblaðinu birtust skömmu fyrir áramót viðtöl við tvær barnafjölskyldur með 4 og 5 börn. Þar kom skýrt fram að því fylgdi nokkur kostnaður að eiga mörg börn og í öðru tilvikinu var sérstaklega tekið fram, að góður efnahagur væri forsenda þess að foreldrarnir gætu veitt börnum sínum, það sem eðlilegt telst í nútíma þjóðfélagi. Kröfur þess eru að vísu miklar og sjálfsagt hægt að komast af án ýmissa þeirra hluta sem allir vilja eiga nú um stundir.

Það verður að teljast afar óskynsamlegt að fara þessa leið, nema skattar verði verulega lækkaðir, almennt. Fjölskyldan hefur stundum átt undir högg að sækja þótt stjórnmálamenn tali fjálglega um gildi hennar á hátíðarstundu. Það er skynsamlegt að fara sömu leið og Danir að virða fjölskylduna, einnig þegar kemur að skattinum.

Kannski er hér komið verkefni fyrir væntanlegan umboðsmann skattgreiðenda. Sú hugmynd, að stofna til umboðsmanns til að fylgjast með og gæta hagsmuna skattborgaranna gagnvart kerfinu, er góð, þótt hún eigi reyndar ekki við um ákvarðanir alþingis. Ekki er því trúað að ætlun Alþingis hafi verið að skerða hag barnafjölsyldunnar.

## Fíkniefnavandinn

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hélt einnig prýðilega áramótaræðu. Sumum þótti hún bera pólitískan keim. Okkur er öllum hollt að muna, að hver maður hefur sinn stíl í embætti og störfum. Skoðanir þær sem hann viðraði voru frá sjónarhorni þess manns, sem þekkir hugsunarhátt í alþjóðastarfi. Umhverfismál eru eru hæst á baugi nú um stundir. Þótt vissulega hafi ekki allar hrakspár ræst varðandi þau, er brýnt að Íslendingar viðhaldi sjálfir þeirri ímynd sem fer af landi og þjóð. Sjávarútvegur og ferðþjónusta eiga þar sameiginlega hagsmuni.

En forsetinn vék að annarri vá. Ekki verður við það unað að stöðugt fleiri ungmenni leit á náðir fíkniefna. Síst er hægt að sætta sig við það á sama tíma og efnahagur er á uppleið. Kann að vera að þarna fari afleiðingar af ómarkvissri fjölskyldustefnu, jafnt á skattasviðinu og öðrum. Orð hans voru í tíma töluð. Við verðum að gæta að börnum okkar og unglingum. Þau eru framtíð þessa þjóðfélags. Fjölskyldan er hornsteinninn þegar að uppeldi þeirra kemur. Hana ber að virða.

*-Stakkur*

liðsinnt þeim.“

### Suðurskautsfararnir og sálfræðin

– Undanfarið hefur ferð íslensku þremenninganna á Suðurpólinn verið mjög í fréttum. Einn þeirra er starfsbróðir þinn, Ingþór Bjarnason sálfræðingur, sem á sínum tíma átti heima hér á Ísafirði og starfaði í tengslum við Fræðsluskrifstofu Vestfjarða og var síðan oft hér á ferð gegnum árin í þeim erindum eftir að hann fluttist til Akureyrar. Ég spyr þig sem sálfræðing: Er þetta heilbrigt? Er það ekki klikkun, að þramma fyrst yfir þveran Grænlandsjökul og síðan í heljargaddi og bölvuðum strekkingi alla leið á Suðurpólinn?

„Það má eflaust segja að frá einhverju sjónarmiði sé þetta klikkun. Á hinn bóginn held ég, að það sé hluti af hinum persónulega þroska einstaklingsins að takast á við einhverjar ögranir í lífinu, hvort sem þær eru fólgnar í ferðum af þessu tagi eða einhverju öðru. Þarna eru menn að ná markmiðum sínum. Þegar markmiði er náð fylgir því ákveðinn þroski. Markmiðin eru af ýmsu tagi. Sumir klífa fjall. Aðrir skrifa bók. Markmiðið er að uppfylla einhvern draum.“

### Suðurpóllinn getur leynst víða

– Hver er þinn draumur? Hver er þinn Suðurpóll? Langar þig ef til vill á Norðurpólinn?

„Ætli ég hafi ekki það almenna markmið eins og flestir aðrir, að verða smátt og smátt betri manneskja og hæfari fagmaður. En Norðurpóllinn er ekki minn Suðurpóll. Mig langar aftur á móti til þess að skrifa. Það blundar í mér rithöfundur af einhverju tagi. Ég hef svolítið fengist við ritstörf, þó að ég hafi ekki gefið neitt út. Ég vona að ég nái einhvern tímann í lífinu einhverjum árangri á þeim vettvangi. Það er minn Suðurpóll.“

– Yrði það þá sálfræðitryllir, eins og það er kallað...?

„Ég veit það nú ekki. Vissulega hlyti ég að byggja eitthvað á þekkingu minni í sálfræði, en ekki síður hlyti ég að byggja á reynslu minni á lífsleiðinni. Ef rithöfundurinn í mér fær að vakna, þá vona ég að ég hafi eitthvað að miðla öðru fólki. En hvenær sá draumur kann að rætast, veit ég ekki.“

### Þegar draumar rætast

– Er það ekki persónulegt áfall þegar draumur rætist? Er þá ekki búið að taka frá manni hugsjónina? Er þá ekki búið að svipta mann markmiðinu? Er þá ekki draumurinn búinn? Er ekki mikilvægt að eiga sér draum? Nú er draumurinn um Suðurpólinn til dæmis fyrir bí hjá þeim Ingþóri og félögum. Er þá ekki eftir auðn og tóm í sálinni þar sem áður var heill Suðurpóll í fjarska?

„Ég held að þegar einhverju markmiði í lífinu er náð komi nýtt í staðinn. Þetta er einfaldlega hluti af þroskaferli mannsins. Nú gæti Ingþór til dæmis ákveðið að skrifa bók um reynslu sína í ferðinni!“

– Kannski hefur það verið forsendan að afreksverkum feðganna Ólafs Arnar og Haralds, að hafa sálfræðing með í för...

„Ég hugsa það nú bara! Hann hefur áreiðanlega sem sálfræðingur getað unnið með marga þætti sem stuðlað hafa að því að settu marki varð náð. Þáttur hugarfarsins í þessu öllu er svo stór. Reynsla hans sem sálfræðings hefur eflaust komið þar að miklu gagni.“

### Eru sálfræðingar annars með nokkra komplexa?

– Ein áleitin spurning: Eru sálfræðingar alveg lausir við alla komplexa?

„Nei, þeir eru sko ekki lausir við þá. Af hverju ættu þeir að vera það? Sálfræðingar eru menn rétt eins og aðrir menn. Komplexar eru að sínu leyti alveg ágætir, ef þeir eru í hófi. Komplexar eða sálarflækjur eru einmitt aflvaki þess að menn takist á við lífið og vinni einhverjar dáðir. Ef manni tekst að sigrast á sálarflækjum sínum og vanköntum, þá er maður betri og þroskaðri manneskja eftir. Ég get ekki litið svo á, að sálarkomplexar séu í sjálfum sér neikvæðir. Þeir geta hins vegar orðið neikvæðir ef menn gefast upp fyrir þeim. Þá geta ýmiskonar neikvæðar tilfinningar eins og kvíði og þunglyndi náð tökum á manninum og brotið hann niður. Þarna er meðalhófið best eins og alltaf. Ef fólk er svo gæfusamt að skilja sín vandamál, að geta tekist á við þau og sigrast á þeim, þá stendur það sterkara og betra eftir.“

*Júlíus Halldórsson, sálfræðingur.*

### „Hvenær ferðu?“

– Ég beini að síðustu til þín spurningunni sem kom nokkuð við sögu í jólaviðtalinu við séra Magnús Erlingsson í BB um daginn: Hvenær ferðu?

„Þú segir nokkuð! Þetta er fremur erfið spurning. Ég kann ágætlega við mig hérna á Ísafirði. Ef starfið mitt hér nær að þróast áfram og festast í sessi, þá sé ég því ekkert til fyrirstöðu að ég verði hér áfram. En tíminn einn mun skera úr því.“

*Hlynur Þór Magnússon.*

## KAUP & SALA
### ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

**Til leigu** er 3ja herbergja íbúð í Stórholti á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 7383.

Óska eftir að taka á leigu rúmgóða **4-5 herbergja** íbúð eða einbýlishús. Upplýsingar í síma 456 4682.

Til sölu er **3ja herbergja** íbúð, 99,1m² að Urðarvegi 78 á Ísafirði. Íbúðin er í góðu standi. Ásett verð er kr. 6.900.000.- Upplýsingar í síma 456 3224 eftir kl. 18.

Til sölu er **Daihatsu** Feroza árg. 1990, upphækkaður á 32” dekk. Verð kr. 680.000. Upplýsingar í síma 456 7668.

Til sölu eða leigu er mikið endurnýjað 4ra herbergja **einbýlishús**, staðsett miðsvæðis á Suðureyri. Upplýsingar gefur Ólafur í síma 456 6350.

Til sölu er **Subaru** 1800 station, árg. 1989, ekinn aðeins 104 þús. km. Nýsprautaður, algjör gullmoli. Upplýsingar gefur Magnús í símum 456 3905 og 456 3095.

Til sölu er **eldavél** með keramik helluborði. Upplýsingar í síma 456 7533 eftir kl. 19.

Til leigu 3ja herbergja **kjallaraíbúð** að Fjarðarstræti 14 á Ísafirði. Laus nú þegar. Upplýsingar í símum 456 5333 eða 985 7160.

**Krakkaklúbbur** Salem! Krakkaklúbburinn hefst aftur föstudaginn 16. janúar kl. 17:30 til 18:30. Ath! Breyttan opnunartíma.

Til sölu er 3ja dyra **Nissan** Sunny, árg. 1992, ekinn 98 þús. km. Upplýsingar í síma 456 7881.

Til sölu er **Nissan Sunny** Sedan, 4x4, árg. 1992, ekinn 67 þús. km. Fæst gegn góðu staðgreiðsluverði. Upplýsingar í síma 456 3224 eftir kl. 18.

Til leigu eru **tvö herbergi** og eldhús með sér inngangi og þvottahúsi. Upplýsingar í síma 456 3678.

Til sölu er mjög vel með farinn Silver Cross**barnavagn**. Selst á kr. 12.000. Upplýsingar í síma 456 4585.

Stelpan sem tók góða Russell **hettupeysu**, merkta A.E.H. í félagsheimilinu í Hnífsdal á Nýársnótt er vinsamlegast beðin að hafa samband við Elínu Önnu Hjálmarsdóttur í síma 456 3857.

Til sölu eru nýir Polaris **vélsleðar**, Andy Trail Touring og XLT. Upplýsingar í síma 587 0414.

Til sölu er **einbýlishús** á Suðureyri. Skipti koma til greina á íbúð á Ísafirði. Upplýsingar hefur Þórey í síma 456 6227.

**Þorrablót** Sléttuhreppinga verður haldið laugardaginn 21. febrúar nk. Nánar auglýst síðar. Nefndin.

Góð **4ra herbergja** íbúð á Eyrinni er til leigu. Laus 1. febrúar eða jafnvel fyrr. Upplýsingar í síma 456 4088 eftir kl. 16.

**Fjallið Ernir** er sýningargripur janúarmánaðar. Líttu á það og þú ert sýningargestur! Pétur G.

**Til sölu eða leigu** er 80 m², 3ja herb. íbúð að Stórholti á Ísafirði. Verð kr. 5.900.000. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er **Subaru Justy** ´87. Vantar skoðun, selst ódýrt. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 3750 kl. 8-17.

**Til sölu eða leigu** er 3ja herb. hús í Hveragerði. Húsið er uppgert að hluta. Ath! Skipti á íbúð á Ísafirði koma til greina. Upplýsingar í símum 456 3656 og 456 3905.

Óska eftir **eldhúsborði** og jafnvel stólum. Upplýsingar í síma 456 5131 á kvöldin.

Til sölu er **einbýlishús** á Suðureyri. Mikið endurbyggt. Upplýsingar í síma 421 6350.

Til sölu er **Lada Sport** árg. 1988. Uppl. í síma 456 7210.

## *Edinborg Ísafirði*

# Námskeið í afrískum dönsum

Laugardaginn 17. janúar nk., hefst á vegum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar námskeið í afrískum dönsum. Námskeiðið verður í fimm hlutum, ein klukkustund í senn, og verður haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Kennari á námskeiðinu verður myndlistarkonan Anna Jóa, sem um tíu ára skeið hefur lagt stund á afríska dansa í Kramhúsinu í Reykjavík. Allar nánari upplýsingar um námskeiðið og innritun er í síma 456 5444.

*Myndlistarkonan Anna Jóa.*


## Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

**Fjórðungssjúkrahús og heilsugæslustöðvar**

## Læknaritari

*Læknaritari óskast í 50% starf að Heilbrigðisstofnuninni, Ísafjarðarbæ - heilsugæslustöð á Ísafirði. Vinnutími er frá kl. 08:00-12:00. Æskilegt er að umsækjandi hafi löggilt réttindi eða reynslu af ritarastörfum. Umsóknarfrestur er til 30. janúar nk.*

*Nánari upplýsingar veitir Þóra Gestsdóttir, læknafulltrúi og Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri á dagvinnutíma í síma 450 4500.*


## *Aðstoðarmaður bæjarstjóra hættur*

# Þórunn í sérverkefni

Þórunn Gestsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, hætti störfum fyrir Ísafjarðarbæ í dag, en eins og kunnugt er, sagði hún starfi sínu lausu í kjölfar þeirra breytinga er urðu á meirihlutasamstarfi í bæjarstjórn á haustdögum sem og í kjölfar uppsagnar bæjarstjórans, Kristjáns Þórs Júlíussonar. Þrátt fyrir að Þórunn hafi hætt störfum er hún ekki á leið úr fjórðungnum, því hún hefur ráðið sig sem verkefnastjóra fyrir Atvinnuvegasýningu Vestfjarða sem til stendur að efna til í júní.

„Ég hef ákveðið að taka að mér ákveðið verkefni fyrir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Verkefnið er fólgið í því að standa aðAtvinnuvegasýningunni sem líklega verður haldin í júní. Sýningin, sem haldin var í fyrsta skipti í fyrra tókst í alla staði vel og markmiðið er að gera jafn vel í ár ef ekki betur. Í skugga verkfallsins sem var í fyrra tóku færri fyrirtæki þátt í sýningunni þá heldur hefðu ella gert en vonir okkar standa til að mörg ný fyrirtæki bætist við í ár,” sagði Þórunn í samtali við blaðið.

Þórunn sagði að átak eins og Atvinnuvegasýning Vestfjarða, væri liður til að efla atvinnulífið á svæðinu og því væri mikilvægt að vel tækist til. „Hvað tekur við hjá mér eftir sýninguna er óráðið. Ég læt hverjum degi nægja sína þjáningu. Fyrirfram var ákveðið að ég færi héðan 15. júní, við þá dagsetningu miðaðist ráðningarsamningur minn hjá Ísafjarðarbæ þannig að þetta er allt samkvæmt upprunalegri áætlun.”

## *Afmæli*

# 50 ára

Í gær, þriðjudaginn 13. janúar varð Finnur Magnússon 50 ára.

Í tilefni þess tekur hann á móti ættingjum, golffélögum, bridsfélögum, félögum úr L.L., sem og öðrum félögum og vinum í veitingahúsinu Krúsinni á laugardag frá kl. 20:00.

## Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi

# Leigð Árna Baldurssyni

Sjö tilboð bárust í leigu Laugardalsár í Ísafjarðardjúpi ásamt veiðihúsi en áin var auglýst til leigu í byrjun desember sl. Að sögn Sigurjóns Samúelssonar, formanns Veiðifélags Laugardalsár, þótti tilboð Árna Baldurssonar, laxveiðimanns með meiru hagstæðast og hefur verið ákveðið að ganga til samninga við hann til eins árs.

Árni Baldursson var með Langadalsá á leigu síðastliðið sumar og mun svo einnig verða í ár. Auk Árna buðu í ána þeir Magnús Jónasson og Ólafur Jóhannsson, Stangaveiðifélag Ísfirðinga, Sigurður Þóroddsson, lögfræðingur, fyrir hönd nokkurra Patreksfirðinga, Gísli Ásgeirsson sem var með tvö tilboð og Eiríkur St. Eiríksson sem bauð í ána fyrir hönd Stangaveiðifélagsins Stekks í Mosfellsbæ.

Frá árinu 1983 hafa bændur í Laugardal séð sjálfir um útleigu árinnar en fram að þeim tíma var hún leigð ýmsum aðilum. „Tilboð Árna var svipað öðru tilboði hvað varðar fjárhæð, en við töldum hagstæðast að leigja Árna ána," sagði Sigurjón.

*Frá Laugardalsá. Veiðimaður við veiðar í Brúarfljóti. Áin hefur nú verið leigð Árna Baldurssyni, laxveiðimanni með meiru.*

## Rannsóknarnefnd flugslysa um flugóhapp Metró flugvélar Flugfélags Íslands

# Flugvélin hrapaði um nærri 700 metra á 13 sekúndum

Í framhaldi af rannókn Rannsóknarnefndar flugslysa á flugóhappi Metró flugvélar Flugfélags Íslands, sem lenti í alvarlegri ókyrrð yfir Ísafjarðardjúpi 16. ágúst sl., leggur nefndin til að Flugmálastjórn skyldi flugrekendur til að nota flugherma við þjálfun flugmanna þessara véla í slæmum veðurskilyrðum. Þá leggur nefndin til að Veðurstofa Íslands athugi með hvaða hætti unnt sé að endurbæta veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum, s.s. frá Æðey, þannig að þar megi geta um veðurfyrirbrigði sem valdið geta vindhvörfum ef þeirra verður vart.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar sem kynnt var á föstudag, kemur fram að Metró flugvélin lenti í gríðarmiklu upp- og niðurstreymi, meira en skilgreint er sem mjög mikil ókyrrð eða allt að 35 til 57 hnútar þar sem sveiflan milli upp- og niðurstreymis varð að meðaltali á 7,5 sekúnda fresti. Vélin fór þrjár dýfur og í þeirri stærstu missti hún 2.244 feta flughæð, um 680 metra á 13 sekúndum. Þar af voru 1.866 fet á aðeins sjö sekúndum en áætlað er að um 500 fet af þessari lækkun hafi stafað af mjög miklu niðurstreymi með meðalvindhraða upp á rúma 42 hnúta. Vindhviðurnar sem flugvélin varð fyrir skiptu um stefnu eða átt nokkrum sinnum og eins sveiflaðist hröðunarálag og fór mest í mínus 1,25G í plús 4,23G sem er staðlað gildi fyrir hröðun vegna aðdráttarafls jarðar.

Í skýrslu Veðurstofunnar eru helstu niðurstöður að mjög hlýtt hafi verið við Ísafjarðardjúp fram eftir þessum degi en kaldara loft hafi streymt að þegar skil nálguðust úr austri. Fjöll norðan við Djúpið hafi lokað fyrir aðstreymið meðan vindur var hægur en kaldara loftið gæti að nokkru leyti hafa streymt yfir loftið sem fyrir var og þannig valdið verulega staðbundinni ókyrrð. Um klukkan 15 var orðið nógu hvasst til að loft fór að streyma yfir fjöllin og fjallabylgjur tóku að myndast. Næstu klukkustundir hafi skilyrði verði þannig að bylgjurnar hafi brotnað rétt neðan við þá hæð þar sem draga fór úr vindi. Vitað sé að brotnandi bylgjur geti valdið mikilli ókyrrð. Þá segir í skýrslunni að líklegt sé að uppstreymis- og ókyrrðarsvæði sem myndast hafi af framangreindum orsökum hafi fallið saman og kvikan því orðið sterkari en hvor ástæðan fyrir sig gaf tilefni til.

*Metró-flugvél Flugfélags Íslands.*

Í skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa kemur fram að öll gögn og öll skírteini hafi verið í fullu gildi hvað varð áhöfn og flugvél. Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á gögnum úr flugrita vélarinnar, ratsjárupplýsingum frá Bolafjalli og frásögn flugmanna auk gagna frá Veðurstofu Íslands.


Útsala!

Útsala!

Útsalan hefst fimmtudaginn 15. janúar

30-70% afsláttur

Nýtt korta-tímabil

Basil

Hafnarstræti 14 - Ísafirði

Sími 456 5210

## Ísafjarðarbær

# Átak til athafna

Fræslusambandið Símennt sem Bændasamtök Íslands, Ungmennafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands standa að, hafa ákveðið að bjóða íbúum Ísafjarðarbæjar upp á námskeið undir yfirskriftinni „Átak til athafna".

Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að koma auga á nýja atvinnumöguleika í nánasta umhverfi sínu, efla sjálfstraust þess og gera það færara um að skapa sér framtíðarlífsgrundvöll í síbreytilegu starfsumhverfi. Sérstök áhersla verður lögð á mikilvægi símenntunar og fullorðinsfræðslu fyrir fólk á öllum aldri og í öllum starfsgreinum.

Námskeiðið stendur í fjóra og hálfa klukkustund og er það öllum opið og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Í hópstarfi gefst þátttakendum tækifæri til að ræða um mannlíf og atvinnulíf í héraðinu og leitast við í sameiningu að sjá möguleika til nýrrar atvinnuuppbygginar á svæðinu.

Fræslussambandið Símennt mun fylgja námskeiðinu eftir, m.a. með því að útvega námskeið á vegum búnaðarskólanna, Félagsmálaskóla UMFÍ og annarra þeirra sem standa fyrir námskeiðahaldi á svæðinu.

Símennt er þátttakendum þessa námskeiðs einnig innan handar við að útvega önnur námskeið og fræðsluefni eftir því sem fólk óskar og aðstoðar við að hrinda atvinnuskapandi hugmyndum í framkvæmd, m.a. með því að benda á styrki sem í boði eru og vísa á þá ráðgjöf sem hægt er að fá.

Nánari staðsetning og tími verða tilkynnt þegar fjöldi þátttakenda liggur fyrir. Nánari upplýsingar eru veittar í síma Símenntunar 568 2929.


Þökkum innilega auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför

**Björgmundar Guðmundssonar**
**fyrrv. bónda**
**Kirkjubóli, Valþjófsdal**

Ágústína Bernharðsdóttir
Edda Björgmundsdóttir — Bragi Björgvinsson
Bragi Björgmundsson — Guðrún Jóhannsdóttir
Guðm. St. Björgmundsson — Sigríður Magnúsdóttir
Anna Kr. Björgmundsdóttir — Markús Guðmundsson
Sigríður Björgmundsdóttir — Sigmundur Þorkelsson
Eyjólfur Björgmundsson — Berglind Rós Pétursdóttir
barnabörn og aðrir aðstandendur



# Verslunarrekstur

*Til sölu er verslunin Laufið ehf., í Bolungarvík. Verslunin er í leiguhúsnæði. Möguleiki er á rekstri í smærri einingum.*

*Upplýsingar gefa eigendur (ekki í síma).*

*Áhugasamir hafi samband fyrir 20. janúar.*

***Frá bikarleiknum í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudagskvöld.***

## Renault bikarinn

# KFÍ í fjögurra liða úrslit

KFÍ er komið í fjögurra liða úrslit í Renault bikarkeppninni í körfuknattleik eftir stórsigur á ÍR-ingum, 87-67, í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudagskvöld.

Stigahæstir í liði Ísfirðinga voru þeir David Bevis með 30 stig og Friðrik Stefánsson með 19 stig. Önnur lið sem koma til með að leika í fjögurra liða úrslitum eru Njarðvík, Grindavík og Valur. Dregið var um hvað lið leika saman í gærkvöld og lágu þær upplýsingar ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.

Kvennalið KFÍ lék á móti Keflvíkingum í átta liða úrslitum í sömu keppni og töpuðu stórt, eða 28-116.

# Ísafjarðarbær Prófkjör

*Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ hefur ákveðið að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar 23. maí 1998 verðir valdir í opnu prófkjöri.*

*Prófkjörið fer fram 21. febrúar 1998.*

*Kjörgengir í prófkjörinu eru allir fullgildir meðlimir sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ, sem þar eru búsettir og eiga munu kosningarétt í Ísafjarðarbæ við bæjarstjórnarkosningarnar 23. maí 1998.*

*Þátttaka í prófkjörinu er heimiluð öllum fullgildum félögum sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ og sem þar eru búsettir og hafa náð 16 ára aldri prófkjörsdaginn. Einnig er þátttaka heimil þeim stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins sem eiga munu kosningarétt í bæjarstjórnarkosningunum 13. maí 1998 og hafa fyrir lok kjörfundar undirritað beiðni um inntöku í eitthvert sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ, eða undirritað stuðningsyfirlýsingu við Sjálfstæðisflokkinn samhliða þátttöku í prófkjörinu.*

*Hér með auglýsir kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ eftir tillögum til framboðs í prófkjöri. Framboðum skal skilað til formanns kjörnefndar Sjálfstæðisflokksins, Björns Jóhannessonar, Hafraholti 20, Ísafirði, eigi síðar en 7. febrúar 1998 en þann dag rennur framboðsfrestur út.*

*Upplýsingar um kjörfund, kjörstaði, utankjörfundaratkvæðagreiðslu og prófkjörsskrár verður auglýst síðar.*

*Allar nánari upplýsingar um prófkjörið veitir formaður kjörnefndar í hs. 456 4669 og vs. 456 4577.*

*Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ.*

# Ísafjarðarkirkja

*Kirkjuskólinn er á laugardögum kl. 11:00. Samverurnar eru ætlaðar öllum börnum. Æskilegt er að börn yngri en fjögurra ára komi í fylgd foreldra sinna eða eldri systkina. Strætisvagn leggur af stað úr Holtahverfinu kl. 10:45*

*Messa og altarisganga verða kl. 11:00 sunnudaginn 18. janúar.*


# Arnar G. Hinriksson hdl.

**Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243**

# Fasteignaviðskipti

**Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.**

**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Aðalstræti 13:** Efri hæð í tvírýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr. Laus.

**Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-

**Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-

**Stakkanes 6:** Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-

**Pólgata 6:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.

**Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-

**Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð: 4.300.000,-

**Stórholt 13:** 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000

**Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000

**Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-

**Urðarvegur 60:** Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.

**Stórholt 13:** 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000

### BOLUNGARVÍK:

**Holtabrún 5:** Ca. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.

**Hafnargata 7:** 86m² neðri hæð í tvíbýlishúsi.

**Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódýrt.

**Höfðastígur 6:** U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-

**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-

**Skólastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er auð. Verð kr. 3.700.000,-

**Traðarland 24:** 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódýrt á góðum kjörum.

**Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-

**Völusteinsstræti 3:** Einbýlishús ásamt bílskúr.

**Völusteinsstræti 28:** 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgert að utan. Verð: 7.000.000,-.

### FLATEYRI:

**Bárugata 3:** 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afarfalleg eign.

**Eyrargata 5:** Einbýlishús, kjallari, hæð og ris. Grunnflötur ca. 45m². Húsið er laust. Verð: 3,000,000,-

**Eyrargata 9:** 76m² e. h. í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Stórviðgerð hefur farið fram á húsinu. Íbúðin er laus. Verð: 2,300,000,-

**Hafnarstræti 23:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Húsið er laust. Verð: 2,600,000,-

### PATREKSFJÖRÐUR:

**Brunnar 2:** Rúmlega 170m² einbýlishús. Húsið er laust. Verð: 5.500.000.-

**Strandgata 11A:** Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan en er nýklætt að utan. Verð: 2.600.000,-

Sumarhúsin í Hnífsdal að verða seld!


## Helgar-dagskráin

### FIMMTUDAGUR

**13.00 Á bólakaf (e)**
**14.45 Oprah Winfrey (e)**
**16.00 Eruð þið myrkfælin?**
**16.25 Steinþursar**
**16.50 Með afa**
**18.00 Fréttir**
**18.05 Nágrannar**
**19.00 19>20**
**19.30 Fréttir**
**20.00 Ljósbrot**
**20.35 Systurnar (12:28)**
**21.30 Morðsaga (12:18)**
**22.30 Kvöldfréttir**
**22.50 Stræti stórborgar (16:22)**
**23.40 Á bólakaf (e)**
**01.00 Bitur hefnd (e)**

## Helgar-veðrið

### FÖSTUDAGUR

**13.00 Stræti stórborgar (15:22) (e)**
**13.50 Þorpslöggan (8:15) (e)**
**15.10 Ellen (7:25) (e)**
**15.35 NBA tilþrif**
**16.00 Töfravagninn**
**16.25 Steinþursar**
**16.50 Skot og mark**
**17.15 Glæstar vonir**
**18.00 Fréttir**
**18.05 Tónlistarmyndbönd ársins**
**19.00 19>20**
**19.30 Fréttir**
**20.00 Lois og Clark (17:22)**
**20.55 Svarta gengið**
Bresk ævintýra- og spennumynd sem gerist árið 1848.
**22.45 Síðasta kvöldmáltíðin**
Kolsvört kómedía um fimm námsmenn í Iowa sem fá hættulega

## Helgar-sportið

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

# UM HELGINA

Stuðbandið
# Miðnes
Föstudags- og Laugardagskvöld
18 ár

Stuðið endurtekið síðan á Gamlárskvöld - **MÆTTU!**

## Á næstunni í bíó

ÍSAFJARÐARBÍÓ




*Frábær gamanmynd og mest sótta mynd breta fyrr og síðar. Yfir 34.000 manns hafa séð hana hér á landi.*

*Fimmtudag kl. 10*
*Föstudag kl. 9*
*Sunnudag kl. 9*

*KOMDU Í BÍÓ!*

**Athugið!**

**Okkur vantar ábendingar um fallegar stúlkur sem gætu komið til greina sem keppendur í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða 1998 Stúlkurnar þurfa að vera a.m.k. 170 cm á hæð og vera orðnar 17 ára Ábendingum skal komið á framfæri við Helgu í síma 456 5333 og Pálfríði í síma 456 5326**

# Baldur Geirmunds & Margrét Geirs

**skemmta á laugardagskvöld til 03**

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?

## *Opnunartími í Vídeóhöllinni*

***Frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30 alla daga***

***Verð á myndböndum:***

*Nýjar myndir kr. 400,- ( ein eldri frí með)*
*Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)*
*Teiknimyndir kr. 100,-*

*Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!*

***Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni***

Vídeó Höllin – við Norðurveg
456 4853


hugmynd.
**00.25 Eitt sinn stríðsmenn (e)**
**02.05 Ljóti strákurinn Bubby**

### *LAUGARDAGUR*

**09.00 Með afa**
**09.50 Andinn í flöskunni**
**10.15 Bíbí og félagar**
**11.10 Sjóræningjar**
**11.35 Dýraríkið**
**12.00 Beint í mark með VISA**
**12.30 NBA molar**
**13.10 Ævintýri Sinbads (e)**
**14.50 Enski boltinn**
**17.00 Körfubolti**
**19.00 19>20**
**19.30 Fréttir**
**20.00 Vinir (22:25)**
**20.30 Cosby (13:25)**
**21.00 Hart á móti hörðu:**
**22.30 Fuglinn í flöskunni**
Ótrúleg ævintýramynd um ferðir frumskógarnegrans Nixau.
**00.05 Köngulóin og flugan (e)**
**01.30 Crooklyn (e)**

### *SUNNUDAGUR*

**09.00 Sesam opnist þú**
**09.30 Ævintýri Mumma**
**09.45 Disneyrímur**
**10.35 Spékoppur**
**10.55 Úrvalsdeildin**
**11.20 Ævintýrabækur Enid Blyton**
**11.45 Madison (16:39) (e)**
**12.10 Tónlistarmyndbönd ársins**
**13.00 Íþróttir á sunnudegi**
**16.55 Húsið á sléttunni (7:22)**
**18.05 Barbara Walters (e)**
**19.00 19>20**
**19.30 Fréttir**
**20.00 Seinfeld (17:24)**
**20.30 Heima**
Sigmundur Ernir heimsækir Árna Johnsen.
**21.00 Hver var Geli Bendl?**
**22.35 60 mínútur**
**23.25 Sagan af Qiu Ju (e)**
**01.05 Dagskrárlok**

### *FIMMTUDAGUR*

**14.20 Skjáleikur**
**16.20 Handboltakvöld**
**16.45 Leiðarljós (799)**
**17.30 Fréttir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.30 Undrabarnið Alex (10:13)**
**19.00 Úr ríki náttúrunnar**
**19.30 Íþróttir**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.30 Dagsljós**
**21.05 Frasier (16:24)**
**21.30 ...þetta helst**
**22.10 Ráðgátur (15:17)**
**23.00 Ellefufréttir**
**23.15 Króm**

### *FÖSTUDAGUR*

**14.45 Skjáleikur**
**16.10 Leiðarljós (800)**
**17.30 Fréttir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Þytur í laufi (25:65)**
**18.30 Fjör á fjölbraut (8:26)**
**19.30 Íþróttir**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.30 Dagsljós**
**21.10 Leitin að Bobby Fischer**
**23.05 Stockinger (6:14)**
**23.55 Halifax - Minnisglöp**
Áströlsk sakamálamynd frá 1996.
**01.25 Ráðgátur (15:17)**

### *LAUGARDAGUR*

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**10.35 Viðskiptahornið**
**15.45 Íþróttamenn ársins**
**16.20 Íþróttaþátturinn**
**18.00 Dýrin tala (18:39)**
**18.25 Hafgúan (5:26)**
**18.50 Bernskubrek (2:6)**
**19.20 Króm**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.35 Lottó**
**20.45 Stöðvarvík**
**21.15 Síðustu strákapörin**
(The Lies Boys Tell)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1994. Dauðvona maður leggur upp í langferð ásamt syni sínum til að vitja fæðingarstaðar síns en lögreglan og fjölskylda þeirra eru á hælunum á þeim.
**22.50 Listrænt morð**
Þýsk sakamálamynd frá 1996.

### *SUNNUDAGUR*

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**09.10 Heimsbikarmót í svigi**
**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**11.40 Hlé**
**12.10 Heimsbikarmót í svigi**
**13.15 Út úr bióskápnum**
Kanadísk heimildarmynd um samkynhneigð á hvíta tjaldinu. Þekkt fólk úr kvikmydaheiminum segir frá.
**15.00 Þrjú-bíó**
**16.15 Hvíti salurinn**
**17.00 Carmen**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Sonur sýslumannsins (6:6)**
**19.00 Geimstöðin (10:26)**
**19.50 Veður**
**20.00 Fréttir**
**20.30 Sunnudagsleikhúsið**
Hjartans mál 3:3
Lokaþáttur sakamálaleikrits eftir Guðrúnu Helgadóttir.
**21.05 Fólk og firnindi**
Umsjónarmaður er Ómar Ragnarsson.
**21.45 Helgarsportið**
**22.10 Ástarsetrið**
Bresk sjónvarpsmynd sem gerist árið 1941 og segir frá ævintýrum þjónustufólks á írskum herragarði.

### *NRK 1*

Fimmtudagur 15. janúar kl. 08:55
**NM á skíðum**
Fimmtudagur 15. janúar kl. 11:55
**NM á skíðum**
Föstudagur 16. janúar kl. 11:25
**HM í alpagreinum**
Laugardagur 17. janúar kl. 08:55-17:00
**HM á skíðum**

### *TV 3 - DANMÖRK*

Sunnudagur 18. janúar kl. 13:25
**Ítalski boltinn**

### *TV2 - NOREGUR*

Laugardagur 17. janúar kl. 14:45
**Enski boltinn**

### *TV3 SVÍÞJÓÐ*

Sunnudagur 18. janúar kl. 13:00
**Ítalski boltinn**

### *TV3 NOREGUR*

Sunnudagur 18. janúar kl. 13:15
**Ítalski boltinn**

**Horfur á fimmtudag og föstudag:**
Norðaustan stinningskaldi eða allhvasst. Víða snjókoma eða éljagangur um norðan og austanvert landið, en annars þurrt að mestu.

**Horfur á laugardag og sunnudag:**
Austan og suðaustanátt og minnkandi frost. Snjókoma eða slydda við suður og austurströndina, en annars þurrt.

Útsala!
KRISMA
Ljónínu Skeljar
☎ 456 4414

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Útsala!
KRISMA
Ljónínu Skeljar
☎ 456 4414

### Bolungarvík

## Vesturskip ehf., kaupir Dagrúnu

*Dagrún ÍS-9.*

Vesturskip ehf., sem er sameignarfyrirtæki Eiríks Böðvarssonar, og Trostans ehf., hefur gert samkomulag við eigendur Þorbjörns hf., í Grindavík um kaup á togaranum Dagrúnu ÍS-9.

,,Það er búið að staðfesta kaupin og ég reikna með að skrifað verði undir kaupsamning í vikulokin. Að hluta til mun skipið veiða fyrir fyrirtæki mitt, Trostan ehf., sem og fyrir önnur fyrirtæki og verður bæði gert út á bolfiskveiðar og rækjuveiðar. Áhafnarmál skipsins eru í skoðun um þessar mundir og ekkert ákveðið í þeim efnum enn," sagði Eiríkur Böðvarsson í samtali við blaðið.

Hann sagðist ráðgera að skipið færi í sína fyrstu veiðiferð fyrir Vesturskip eftir boðað verkfall sjómanna og því er óvíst hvenær af því verður. Hann sagði að skiptyrði um nafn á skipinu en í dag er óráðið hvað það kemur til með að heita.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Flug til Reykjavíkur
16 sinnum í viku
til Akureyrar
4 sinnum í viku

### Tvö sjálfstæðisfélög í Bolungarvík sameinuð undir einn hatt

# Óánægðir sjálfstæðismenn komnir til valda í nýju félagi

Á fundi í sjálfstæðisfélaginu Þjóðólfi og sjálfstæðiskvennafélaginu Þuríði Sundafylli í Bolungarvík, sem haldin var á þriðjudag í síðustu viku, var samþykkt að sameina félögin í eitt félag undir nafninu Sjálfstæðisfélagið Völusteinn. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var um átakafund að ræða, þar sem kepptust um völd núverandi bæjarfulltrúar og fylgismenn þeirra og hins vegar sjálfstæðismenn sem hafa ekki verið á eitt sáttir við framgang bæjarstjórnar Bolungarvíkur varðandi ,,Ósvararmálið" svokallaða. Hinir óánægðu sjálfstæðismenn sem á sínum tíma mynduðu með sér hóp undir nafninu ,,Heimaafl", til kaupa á eignum Ósvarar, náðu yfirhöndinni í stjórn hins nýja félags og virðist því hafa orðið eins konar hallarbylting í félaginu, eins og einn viðmælandi blaðsins í Bolungarvík komst að orði.

Að sögn Ólafs Kristjánssonar, oddvita sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Bolungarvíkur og bæjarstjóra, var kosið á milli tveggja manna í formannssætið, þeirra Björgvins Bjarnasonar, sem er einn hinna óánægðu sjálfstæðismanna og Einars Guðmundssonar, sem var formaður Þjóðólfs. Niðurstaða þeirrar kosningar var á þá leið að Björgvin fékk 18 atkvæði og Einar 16. ,,Því er ekki að leyna að það eru ákveðnir aðilar innan flokksins sem voru óánægðir með ákvörðun bæjarstjórnar, þegar hlutabréfin í Ósvör voru seld. Um annan ágreining hef ég ekki orðið var og kosningin í stjórn hins nýja félags var lýðræðisleg að mínu mati," sagði Ólafur Kristjánsson í samtali við blaðið.

,,Þegar ákvörðun var tekin um að selja Bakka meirihluta hlutabréfa í Ósvör, voru allir bæjarfulltrúar, allra flokka, sammála um að selja bréfin sem og að það þyrfti að fá aukið atvinnuafl til bæjarins. Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur létu vita hver kaupandi hlutabréfanna væri og það var gengið til samkomulags við Aðalbjöm Jóakimsson í Bakka. Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið vildu hins vegar setja bréfin á almennan hlutabréfamarkað og fá sem hæst verð. Um það snerist ágreiningurinn, ekki það að selja bréfin."



*Bolungarvík. Tvö sjálfstæðisfélög á staðnum hafa verið sameinuð í eitt félag undir forystu óánægðra sjálfstæðismanna.*

Aðspurður um hvort verið væri að bola núverandi bæjarfulltrúum flokksins frá með ,,hallarbyltingunni" í sjálfstæðisfélaginu sagði Ólafur:

,,Ég get ekki svarað því, þeir sem tóku við völdum verða að gera það. Mín tilfinning er einfaldlega sú að þessir aðilar séu óánægðir með okkar störf hvað varðar þetta tiltekna mál og því er ekkert að leyna. Ég hygg að eina svarið sem við höfum sé að efna til prófkjörs, eins og verið hefur til þessa. Ég sé ekki neina ástæðu til að breyta út af því."

Ólafur Kristjánsson sagðist hafa ákveðið að gefa kost á sér áfram til setu í bæjarstjórn Bolungarvíkur og því væri hann ekki að draga sig í hlé. ,,Ég ætla að bjóða mig fram til bæjarstjórnar í vor og síðan verða aðrir að taka afstöðu til þess hvort ég verð bæjarstjóri áfram. Fólkið á staðnum ræður því hvort ég verð áfram bæjarstjóri," sagði Ólafur.

Stjórn hins nýja sjálfstæðisfélags í Bolungarvík er skipuð þeim Björgvini Bjarnasyni, sem er formaður, Guðmundi Halldórssyni, Halldóru Kristjánsdóttur, Láru Arinbjarnardóttur og Kristjáni Arnarsyni.

Opnunartími:
Mánudaga kl. 12-19
Þriðjudaga kl. 10-18
Miðvikudaga kl. 10-19
Fimmtudaga kl. 10-18
Föstudaga kl. 10-19
Laugardaga - breytilegt
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Verðlækkun!
á helgarpökkum
AMSTERDAM
GLASGOW
LONDON
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

PÓLLINN HF.
Pentium II tölvur Frábært verð!
PÓLLINN HF.
Sími 456 3092 • Verslun 456 4594
Playstation tölvan komin aftur!
Fullt af nýjum leikjum fyrir
Pc - Mac - Playstation